

Colas Ísland hf.
Sigbór Sigurðsson
Gulhelli 1
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 20. júní 2022
UST202202-383/G.F.
08.06.02

Varðar reglubundið eftirlit þann 5. apríl 2022 – Amomatic á Akureyri

Þann 5. apríl sl. fór fram eftirlit í malbikunarstöð Colas Ísland hf. Amomatic á Akureyri. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Rekstraraðila var bent á að láta endurtaka hljóðmælingar vegna stöðvarinnar með staðsetningu á Akureyri. Eins að uppfæra og senda eftirlitsaðila afrit af þeim skriflegu áætlunum sem nýtt starfsleyfi (2020) kveður á um.

Tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust:

1. samkvæmt greinum 1.2 og 3.11 í starfsleyfi skal senda Umhverfisstofnun stöðuleyfi eða skriflega yfirlýsingu landeiganda og sveitarfélags um að staðsetning stöðvarinnar sé ásættanleg.
2. samkvæmt grein 4.5 í starfsleyfi skal senda Umhverfisstofnun ársyfirlit byggt á samantekt á skráningum og mælingum í stöðinni. Ársyfirlit skal berast fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Ársyfirlit vegna 2020 og 2021 hafa ekki borist stofnuninni.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 20. júlí 2022.

Virðingarfyllst,

Gottskálk Friðgeirsson

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur